

## Frumvarp til laga

### um breytingu á lögum um leikskóla, nr. 90/2008 (innritun í leikskóla).

Flm.: Dagbjört Hákonardóttir, Krístrún Frostadóttir, Logi Einarsson,  
Jóhann Páll Jóhannsson, Oddný G. Harðardóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir,  
Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir, Andrés Ingi Jónsson,  
Gísli Rafn Ólafsson.

#### 1. gr.

Við 1. mgr. 26. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sveitarstjórn er heimilt að haga innritun með tilliti til þess að systkini eða börn sem hafa sama lögheimili geti sótt sama leikskóla, sem og með hliðsjón af nálægð leikskóla við lögheimili barna.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var áður lagt fram á 152. löggjafarþingi (625. mál) en náði ekki fram að ganga. Það er nú endurflutt með smávægilegum breytingum á greinargerð.

Víða um land þekkist það fyrirkomulag að hliðrað er til við innritun á leikskóla í sveitarfélögum í því skyni að gera systkinum kleift að sækja sama leikskóla þegar þau yngri hafa náð leikskólaaldri. Yngri börnin njóta þá forgangs til leikskólavalar við sama leikskóla og eldri systkini hafa vistun á. Ekki ríkir sátt um hvort framkvæmd þessi teljist lögmæt og hefur því verið haldið fram að reglan um systkinaforfang gangi í berhögg við jafnræðisreglu stjórn-sýsluréttarins, enda gengju yngri börn framar eldri börnum eða börnum í sama árgangi sem ekki ættu eldri systkini í viðkomandi leikskóla. Af þeim sökum hefur systkinaforfangi ekki verið beitt innan Reykjavíkurborgar síðan árið 2008 í kjölfar álits embættis borgarlögmanns þar um. Til þess að taka af allan vafa um lögmæti ákvarðana sveitarfélaga í þágu systkinaforfangs þarf lagaheimildar að njóta við í samræmi við lagaáskilnaðarreglu stjórn-sýsluréttar.

Í lögum um leikskóla, nr. 90/2008, er skýrt kveðið á um að velferð og hagur barna skuli hafður að leiðarljósi í öllu starfi, m.a. í því hvernig forgangsraðað er við innritun í leikskóla. Mikilvægt er að skýrar og fyrirsjáanlegar reglur gildi þar í einu og öllu og byggt sé í senn á málefnalegum og lögmætum sjónarmiðum. Því hefur verið haldið fram að reglan um systkinaforfang hafi fyrst og fremst verið til þess fallin að mæta hagsmunum foreldra en ekki barna, enda komi systkinaforfangur niður á börnum sem ekki eiga eldra systkini. Reynslan hefur þó sýnt að óbreytt fyrirkomulag kemur óumdeilanlega niður á barnafjölskyldum í Reykjavík þar sem eru fleiri en eitt barn á leikskólaaldri. Samvera systkina á sama leikskóla felur í sér dýrmæta og mikilvæga upplifun barna á fyrsta skólastiginu þegar hún er möguleg, og sveitarfélögum á að vera gert kleift að gera ráðstafanir til að koma af fremsta megni í veg fyrir að fjölskyldur þurfi að fara hverfa á milli til að sækja leikskóla með tilheyrandi álagi á umferð.

Í því skyni að tryggja börnum, sem ekki eiga eldra systkini á leikskóla, aðgengi að leikskóla innan eigin hverfis er jafnframt lagt til í frumvarpi þessu að heimila sveitarfélögum að móta reglur sem tryggi börnum forgang inn á leikskóla með hliðsjón af nálægð heimilis við leikskóla með svipuðum hætti og gildir um innritun í grunnskóla samkvæmt lögum nr. 91/2008.

Lögfesting heimilda sveitarfélaga til að haga innritun á leikskóla með hliðsjón af framangreindu er til þess fallin að stuðla að aukinni vellíðan barna og fjölskyldna þeirra og hefur í för með sér jákvæð áhrif á umhverfi og félagslega samþættingu innan hverfa. Af þeim sökum telja flutningsmenn mikilvægt að gera sveitarstjórnnum kleift að haga innritun í leikskóla með þeim hætti að yngri systkini njóti forgangs og að taka megi tillit til búsetu þeirra að öðru leyti þegar staðið er frammi fyrir vali á leikskóla. Þannig má tryggja að sem flest börn geti hafið leikskólagöngu í námunda við heimili sitt á tilskildum aldri.